

**Ed. 682. Frumvarp til laga [182. mál]**

um breytingu á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

1. gr.

Niðurlag 2. gr., frá og með „*Ljósatími* . . .“, fellur niður.

2. gr.

Á eftir 39. gr. komi ný grein er verði 40. gr. og orðist svo:

Bifreiðar, sem notaðar eru til að flytja skólabörn, skulu vera sérstaklega auðkenndar með þar til gerðum skiltum. Ökumönnum, sem koma á eftir eða á móti slíkri bifreið, ber að stöðva ökutæki sín á meðan skólabörnum er hleypt út eða þau eru tekin upp í bifreiðina.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð hvernig merkingum á skólabifreiðum skuli háttáð og um notkun þeirra.

3. gr.

Í stað 1. málslíðar 1. málsg. 53. greinar komi:

Við akstur bifreiðar, bifhjóls og léttis bifhjóls skulu jafnan vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum. Sama gildir um akstur annarra ökutækja í rökkri, í myrkri eða í ljósaskiptum, eða ella þegar birtuskilyrði eru ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1984.